

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð til minningar um Helenu Matthíasdóttur, nr. 345/2010.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Styrkir úr sjóðnum mega eigi nema meira en kr. 500.000 og skal þessi upphæð taka mið af breytingum á vísitölu neysluverðs. Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum eða veðsetja hann. Stjórn sjóðsins ákveður um úthlutanir úr sjóðnum og getur hún leitað ábendinga frá sérfræðingum í taugasjúkdómum á Barnaspítala Hringisins. Úthluta skal úr sjóðnum árlega nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Miðað skal við að úthlutun eigi sér stað á fæðingardeggi Helenu 22. febrúar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð til minningar um Helenu Matthíasdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 24. maí 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.